

III. Kafli. - Stjórn og trúnaðarráð.

12. grein - Stjórn

Stjórn félagsins skipa 11 stjórnarmenn: Formaður, varaformaður, ritari, vararitari og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir ekki kjörgengir sem formenn deilda á meðan þeir gegna þessum embættum. Kjöri þeirra skal lýst á aðalfundi. Formenn deilda félagsins eiga sæti í stjórn og varaformenn deilda í forföllum þeirra, **enda séu forföll boðuð með nægum fyrirvara. Nýkjörinn formaður deildar tekur sæti í stjórn félagsins á næsta aðalfundi eftir að hann hefur verið kjörinn. Stefnt skal að því að aðalfundir deilda og félags séu með skömmu millibili. Reynt skal að tryggja að stjórnarmenn komi af félagssvæðum þeirra félaga sem stóðu að stofnun Stéttarfélags Vesturlands. Tryggt skal að a.m.k. einn stjórnarmaður af hverju núverandi félagssvæða eigi sæti í stjórn.**

~~Sjá ennfremur bráðabirgðaákvæði nr. 1.~~

16. grein - Trúnaðarráð

Trúnaðarráð skal vera starfandi í félaginu. Í ráðinu eiga sæti stjórn félagsins og stjórnir deilda. Formaður félagsins skal vera formaður trúnaðarráðs og ritari félagsins ritari þess. **Að jafnaði stýrir formaður fundum trúnaðarráðs, nema fram komi tillaga um annað.**

Formaður kveður trúnaðarráð til funda **á tryggan hátt bréflaga** með a.m.k. sólarhringsfyrirvara. Skytt er formanni að boða trúnaðarráð til fundar ef þriðjungur þess óskar og tilgreinir fundarefni. Trúnaðarráðsfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað.

Formaður getur í nafni félagsstjórnar kallað saman trúnaðarráð stjórninni til aðstoðar þegar félagsleg vandamál ber að höndum og ekki eru tök á að ná saman félagsfundi, og ræður einfaldur meirihluti úrslitum í slíkum málum.

Trúnaðarráð ~~kýs samninganefndir~~ **ásamt félagskjörnum trúnaðarmönnum skipa samninganefnd** félagsins og ber ábyrgð á kjarasamningagerð þess. **Samninganefndin skiptir verkum með nefndarmönnum eftir einstökum samningum.**

Ákvæði til bráðabirgða:

- ~~1. Fyrstu 4 árin skal stefnt að því að a.m.k. einn formaður félagsdeilda komi af hverju fyrrverandi félagssvæða.~~